

Nr. 080 / 13 Dettifoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. janúar 2013 var Dettifoss á siglingu til Reykjavíkur. Veður: SA 5-6 m/s

Skipverji var að vinna á þilfari við undirbúning losunar þegar komið væri til hafnar. Hann steig til hliðar þegar vindsveipur ýtti við honum og féll af lúgunni á þilfarið og rotaðist. Hann varð óvinnufær um tíma en jafnaði sig fljótt.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða var það vindhviðan sem feykti honum út af lúgunni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.